

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Lagnakerfamiðstöð Íslands.

#### 1. gr.

Neðanskráðir aðilar stofna hér með sjálfseignarstofnun, sem ber nafnið Lagnakerfamiðstöð Íslands.

|  |                              |
|--|------------------------------|
| Lagnafélag Íslands (LAFÍ)                    | Iðntæknistofnun Íslands (ÍÍ) |
| Samband Íslenskra sveitarfélaga              | Samtök iðnaðarins (SI)       |
| Háskóli Íslands (HÍ)                         | Iðnmennt (SES)               |
| Tækniháskóli Íslands (THÍ)                   | Brunamálastofnun (BS)        |
| Rannsóknastofnun<br>byggingariðnaðarins (Rb) |                              |

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er Reykjavík.

#### 2. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 598.000 krónur, lagt fram af stofnendum, sem ekki má skerða að raungildi. Aðrar eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum sem berast og safnað verður til byggingar og búnaðar undir starfsemi Lagnakerfamiðstöðvar Íslands.

#### 3. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- að vera samstarfsvettvangur þeirra sem vinna við rannsóknir og fræðslu í lagnaiðnaði.
- að leggja til húsnæði, tæki og búnað sem notaður verður við fræðslu- og rannsóknarstarfsemi í lagnaiðnaði.

#### 4. gr.

Markmið stofnunarinnar er:

- að stuðla að rannsóknnum, þróun, stöðlun og tæknilegum umbótum í lagnatækni og samhæfa rannsóknir á lagnakerfum í landinu.
- að efla kennslu og þjálfun á sviði lagnakerfa í skólum landsins á framhaldaskóla- og háskólastigi, og veita aðstöðu fyrir endurmenntun iðnaðarmanna og hönnuða.

#### 5. gr.

Yfirstjórn stofnunarinnar er í höndum fulltrúaráðs, sem tilnefnt er í af stofnendum. Í því eiga sæti 18 menn og 10 til vara. Eru 2 aðalmenn og 1 varamaður tilnefndur af hverjum stofnanda til tveggja ára í senn, LAFÍ tilnefnir 2 varamenn.

Fundir fulltrúaráðsins skulu haldnir ekki sjaldnar en einu sinni á ári í mars/apríl. Stjórninni er heimilt að boða til aukafulltrúaráðsfundar og ef 5 fulltrúaráðsmenn óska þess.

Fundi fulltrúaráðsins skal boða með minnst viku fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá fulltrúaráðsfundar í mars/apríl ár hvert skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

3. Kynnt tilnefning í fulltrúaráð, samkvæmt 5. gr.
4. Kynnt skipan 10 manna í stjórn og jafnmargra til vara, samkvæmt 7. gr.
5. Kosning formanns, samkvæmt 7. gr.
6. Kosning 2 skoðunarmanna og 1 til vara, samkvæmt 7. gr.
7. Önnur mál.

## 6. gr.

Hlutverk fulltrúaráðsins er:

Að fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og stofnenda.

Að kjósa formann og skoðunarmenn samkvæmt 7. grein.

Að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

## 7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 10 mönnum og jafn mörgum til vara og skulu þeir skipaðir úr hópi fulltrúaráðsmanna eða varamanni þeirra.

Á fulltrúaráðsfundi í mars/apríl tilnefna eftirtaldir aðilar í stjórn.

- a) Lagnafélag Íslands 2 og 2 til vara.
- b) Samband íslenskra sveitarfélaga 1 og 1 til vara.
- c) Háskóli Íslands 1 og 1 til vara.
- d) Tækniháskóli Íslands 1 og 1 til vara.
- e) Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 1 og 1 til vara.
- f) Iðntæknistofnun Íslands 1 og 1 til vara.
- g) Samtök iðnaðarins 1 og 1 til vara.
- h) Brunamálastofnun 1 og 1 til vara.
- i) Iðnmennt SES 1 og 1 til vara.

Á sama fulltrúaráðsfundi kýs fulltrúaráðið formann úr hópi ofanefndra aðalmanna í stjórn.

Formaður er jafnframt formaður fulltrúaráðsins og boðar til funda þess.

Kjósa skal 2 skoðunarmenn og 1 til vara.

Skipunartímabil stjórnar og kosning skoðunarmanna skal vera 2 ár.

Á fyrsta fundi eftir skipan stjórnar og kjör formanns skal stjórnin að öðru leyti skipta með sér verkum. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum og fulltrúaráðsfundi með málfrelsi og tillögurétt. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar.

## 8. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál hennar.

Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna skoðunarmenn.

Árlega skal gera reikning stofnunarinnar samkvæmt góðum reikningsskilavenjum.

## 9. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign stofnunarinnar nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

## 10. gr.

Ákvörðun stjórnar um slit á stofnunni skal hljóta samþykki 75% allra fulltrúaráðsmanna og samþykki dómsmálaráðherra.

11. gr.

Hætti einhver stofnandi, fækkar fulltrúum í fulltrúaráði að sama skapi, en stofnframlag er óafturkræft.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 75% viðstaddra fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingar staðfestingu dómsmálaráðherra.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. júní 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*